

uppkasts, sem samninganefndirnar höfðu orðið ásáttar um. Verður því að telja, enda er það eðli málsins samkvæmt, að samþykki stefnanda fyrir niðurfellingu málsins hafi verið því skilyrði bundið, að kjarasamningar kæmst á milli sammingsaðilja. Úr því varð þó eigi vegna þess, að félagsmenn stefnda felldu sammingsuppkast það, sem samninganefndirnar lögðu fyrir þá til samþykktar og staðfestingar, og hafa samningar eigi enn tekizt með aðiljum málsins. Verður frávisunarkrafa stefnda þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað í sambandi við dóm í málinu.

Því úrskurðast:

Krafa stefnda um frávisun málsins verður eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 11. apríl 1961.

Nr. 4/1960.

Alþýðusamband Íslands f. h. Verkakvinnafélagsins Framsóknar

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Guðmundar Jörundssonar

(Einar Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Skaðabótamál. Vinnuveitanda eigi talið skylt, að greiða kaup í veikindaforföllum vegna meiðsla, er verkakona hlaut á ferð sinni til vinnustaðar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 8. desember f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkakvinnafélagsins Framsóknar vegna Aðalbjargar Bjarna-

dóttur, Glæðheimum 22 hér í bæ, gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Guðmundar Jörundssonar, útgerðarmanns hér í bænum. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að stefnda sé skylt að greiða Aðalbjörgu Bjarnadóttur óskert kaup í sjö virka daga frá og með 29. júlí 1960 og málskostnað hér fyrir dómi eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Aðalbjörg Bjarnadóttir, sem er félagi í Verkakvennafélaginu Framsókn, vann s.l. sumar í hraðfrystihúsi á Kirkjusandi í Reykjavík, sem frá 1. júlí f. á. var rekið af Guðmundi Jörundssyni útgerðarmanni. Vann Aðalbjörg þar í tímavinnu og tók kaup samkvæmt kjarasamningi Verkakvennafélagsins Framsóknar og Vinnuveitendasambands Íslands. Hún fór venjulegast til vinnustaðar á morgnana í bil, sem Guðmundur lét sækja starfsfólk hraðfrystihússins, og tók hann fólkíð á fyrirfram ákveðnum stöðum. Mun Aðalbjörg hafa tekið bil þenna á gatnamótum Álfheima og Glæðheima. Föstudagsmorguninn 29. júlí f. á. missti hún af bilnum. Telur hún að billinn muni hafa verið óvenjulega snemma á ferðinni, en bílstjórinn minnst eigi neins óvenjulegs frá akstri þessa morguns og telur það fasta reglu, að eigi sé farið frá nefndum gatnamótum fyrir kl. 7.45 nema allt starfsfólk, sem búizt er við, sé mætt. Þegar Aðalbjörg sá, að hún hefði misst af bilnum, tók hún það til ráðs, að reyna að ná í Vogahraðferðina á Langholtsvegi. Það tókst þó eigi og hraðaði hún sér þá að Sunnutorgi til þess að ná í Kleppsvagninn. En þá tókst svo til á þessum hlaupum hennar, að hún rak vinnstri fótinn niður um hlera, er lagður hafði verið yfir holu, sem grafin var í veginn og meiddist hún nokkuð. Komst hún þó í strætisvagninn og náði því að stimpla sig inn án tímafrádráttar á vinnustað. Vann hún því næst í eina klukkustund, en þá hafði fóturinn bólgnað svo mikið, að hún varð að fara heim og leita læknis. Var Aðalbjörg frá vinnu til 8. ágúst vegna meiðsla þessara.

Stefnandi telur, að stefnda beri að greiða Aðalbjörgu kaup í 7 virka daga og byggir hann þá kröfu sína á ákvæðum 11. gr. í gildandi kjarasamningi Framsóknar og Vinnuveitendasambandsins, en þar segir m. a. svo:

„Slasist verkakona við vinnu eða flutninga til og frá vinnustað skal hún halda óskertu kaupi allt að 7 virka daga.“

Heldur stefnandi því fram, að þar sem Aðalbjörg hafi slasast á leið til vinnustaðar, eigi hún rétt til kaups samkvæmt nefndu samningsákvæði og skipti ekki máli í því sambandi, hvort hún fór til vinnunnar í flutningatæki vinnuveitandans sjálfs, í farartæki á hans vegum eða með öðrum hætti. Megi og orða það í þessu sambandi, að Aðalbjörg hafi misst af bil þeim, er sótti starfsfólkið þenna morgun vegna þess, að hann hafi verið fyrr á ferð en venjulega og Aðalbjörg hafi þurft að gera ráð fyrir.

Stefnandi hefur í máli þessu vísað mjög til ákvæða í kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins, sem hann telur styðja þá skoðun, að vinnuveitandi beri samkvæmt ákvæði nefndrar 11. gr. ábyrgð á slysi, sem verkakona verður fyrir á leið sinni að og frá vinnustað.

Stefndi hefur hins vegar alfarið neitað því, að honum sé skylt að greiða Aðalbjörgu kaup nefnda veikindadaga. Mótmælir hann því, að túlka beri ákvæði 11. gr. kjarasamningsins á þá lund, sem stefnandi heldur fram. Telur stefnandi, að ábyrgð vinnuveitenda samkvæmt ákvæðum nefndrar 11. gr. sé því aðeins fyrir hendi, að verkakona sú, sem meiðsli hlýtur á ferð sinni að og frá vinnustað, sé flutt á vegum vinnuveitenda síns.

Enda þótt það ákvæði 11. gr. kjarasamnings aðilja, sem um er deilt í máli þessu hafi staðið í samningum Verkakvennafélagsins Framsóknar og vinnuveitenda frá því á árinu 1942, er eigi upp komið, að nein venja hafi komist á um framkvæmd þess í þá átt, að vinnuveitendur greiddu almennt bætur til starfskvenna vegna meiðsla, er þær yrðu fyrir að og frá vinnustað, enda er því eindregið haldið fram af stefnda, að slíkum kröfum hafi ávallt verið

neitað, ef flutningur verkakvanna fór eigi fram á vegum vinnuveitandans sjálfs. Að því er varðar orðalag ákvæðisins sjálfs „flutninga til og frá vinnustað“, þá verður eigi talið, að það sé svo ótvírætt um skyldu vinnuveitenda til að bæta verkakönnum missi vinnudaga vegna meiðsla, sem þær verða fyrir á ferðum sínum að og frá vinnustað, að af því verði leidd skylda stefnda til þess, að bæta Aðalbjörgu Bjarnadóttur það vinnutap, sem hlaut af framangreindu óhappi á hlaupum hennar að strætisvagnstöð 29. júlí f. á.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Guðmundar Jörundssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkakvannafélagsins Framsóknar vegna Aðalbjargar Bjarnadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
